

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



Dags eftirlits	18.10.2012	Fulltrúi UST	Ólafur Kristinn Tryggvason
Fyrirtæki	Norðurál Grundartanga	Fulltrúi UST	Sigurður Ingason
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5702972609	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn Dögg Steinsdóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Friðgeir Björnsson	Staðsetning	365596,685 431351,563

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik kom fram í eftirlitinu en í síðasta eftirliti var eitt frávik frá gr. 2.4 í starfsleyfi og unnið er samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun.

Ein athugasemd er gerð vegna mikils ryks við löndun á súráli.

UMFANG EFTIRLITS

Þegar eftirlitsaðilar komu að Grundartanga var verið að landa súráli og mikið ryk barst frá lestum skipsins sem sást langt að. Gerð var athugasemd við rekstraraðila vegna þessa og var strax brugðist við þannig að rykfokið stöðvaðist fljótlega.

Farið var yfir helstu atriði í starfsleyfi og síðustu eftirlitsskýrslu með fulltrúum rekstraraðila.

Farið var með rekstraraðila yfir útblástursmál Norðuráls. Viðhald mæla í útblæstri er á sex vikna fresti. Útblástur er mældur árlega og mælar kvarðaðir annaðhvert ár af óháðum aðilum.

Í síðustu eftirlitsskýrslu kom fram eitt frávik frá starfsleyfi þar sem sólarhringsstyrkur SO₂ mældist í loftgæðastöðinni við Kríuvörðu 21 sinni yfir gróðurverndarmörkum á ársgrundvelli árið 2011 en skv. reglugerð 251/2002 er aðeins leyfilegt að yfirstíga þessi mörk 7 sinnum á ári. Farið var yfir stöðuna í verkefni sem sett var af stað vegna þessa þar sem unnið hefur verið nýtt spálíkan yfir vindafar á Grundartanga svæðinu og verið er að gera samanburð við rauntímamælingar til að sannreyna líkanið. Niðurstöður eru væntanlegar í desember 2012. Fram kom í eftirlitinu að starfsmenn Norðuráls eru að sjá púlsa á þessu ári í mælingum fyrir SO₂ en eftir er að vinna úr gögnunum til að sjá hvort þau eru yfir mörkum. Vetrarmánuðirnir eru verstir og þá sérstaklega í suðvestanátt.

Farið var í eftirlitsferð um kerskála og skautsmiðju. Í kerskalanum var skoðuð staða á endurbótum á rafgreiningarkerjum, annarsvegar þétting á kerþekjum og hinsvegar þétting og styrking gafla. Markmið aðgerðanna er að tryggja að ekkert bil myndast á milli þekja. Loftgæði kerskálanna hafa lagast verulega við þessar endurbætur og ætti losun um rjáfur að minnka að sama skapi.

Í skautsmiðjunni var afsog frá spanofnum skoðað en það hefur verið í miklum endurbótum. Sér frásogskerfi er í skautsmiðjunni óháð afsogi frá kerskálum og er árleg punktmæling frá hverjum ofni fyrir sig.

Frávik frá

Gr. 2.4 í starfsleyfi

Lýsing á frávikum

Frávik er vegna SO₂ eins og fram kom í síðustu eftirlitsskýrslu. og unnið er samkvæmt úrbótaáætlun samþykktri af Umhverfisstofnun

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við mikið súralsryk frá löndun á súráli.

ANNAÐ

Úttekt vottunarfyrirtækis á Norðuráli á ISO 9001 er nýlokið og engar athugasemdir voru gerðar. Undirbúningur fyrir vottun á ISO 14001 er hafinn og stefnt er að því að vottun verði tilbúin í lok árs 2013. Tilraunir standa yfir til að bæta kerpekju í kerskála.

Reykjavík, 20.12.2012



Ólafur Kristinn Tryggvason

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.